

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja við norðurkant Suðurlandsbrautar frá Langholtsvegi að Skeiðarvogi;
2. að banna stöðu ökutækja við austurkant Bakkastígs frá Nýlendugötu að Mýrargötu;
3. að banna stöðu ökutækja við suðurkant Fossháls frá Hálsabraut að Bitruhálsi;
4. að banna stöðu ökutækja í Skógarhlíð beggja vegna götu gegnt slökkvistöðinni. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
5. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Naustin, vesturkant við Hafnarhúsið og norðan við núverandi stæði hreyfihamlaðra. Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
6. að gata (stígur) á milli Kaldasels 18-24 og Kaldasels 4-14 verði vistgata. Vistgata er táknuð með umferðarmerkinu D14.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
7. að settar verði gangbrautarkerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerkingar og notkun þeirra, yfir Sóltún, við Sóltún 1-3;
8. að almennt bifreiðastæði við Kjarvalsstaði verði eingöngu ætlað fólksbifreiðum. Bifreiðastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.33, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 21. september 2017.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**